

Nd.

514. Frumvarp til laga

[259. mál]

um skákkennslu.

Flm.: Gyłfi P. Gíslason.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa íslenska skákmenn í fast starf til kennslu í skák. Skilyrði er að skákmaður hafi hlotið stórmeistaratitil eða annan alþjóðlegan titil í skák. Laun skulu vera hámarkslaun menntaskólakennara. Kennsluskylda skal ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið mikill áhugi á skák á Íslandi. Skákkunnátta er mjög útbreidd og hefur farið vaxandi. Jafnframt hafa Íslendingar eignast marga afburða skákmenn, og hafa ýmsir þeirra komist í fremstu röð skákmanna, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur einnig á heimsmælikvarða.

Ástundun skákíþróttarinnar er meðal hollustu og bestu tómskundaiðkana, sem völ er á. Engin leið er líklegri til þess að vekja áhuga ungs fólks á taflmennsku og efla þann áhuga, sem fyrir er, en sú, að það eigi þess kost að njóta tilsagnar í skák og tefla við snjalla skákmenn á vegum skóla þess, sem það sækir. Nokkuð hefur kveðið að því, að góðir skákmenn tefldu við skólafólk. En því starfi þyrfti að koma í fast horf. Þess vegna er lagt til í frv. þessu, að ráðherra sé heimilt að ráða skákmenn til þess að kenna skák í skólum og tefla við skólafólk. Er þá eðlilegt, að þeir, sem mestum árangri hafa náð á alþjóðavettvangi, gangi fyrir um slík störf, ef þeir óska þess, en nokkrir Íslendingar hafa nú öðlast stórmeistaratitil og aðra alþjóðlega titla í skák. Flutningsmanni frv. er ljóst, að slíkt starf mætti skipuleggja á margan hátt og að mörg sjónarmið gætu komið til greina við val á skákmönnum til slíkra starfa. Þess vegna eru ákvæði frv. almenn heimildarákvæði um aðalatriði málsins, þ. e. að efnt verði til skákkennslu í skólum og að bestu skákmenn þjóðarinnar eigi kost á slíku starfi, ef þeir óska þess, og ætti það að geta verið þeim stuðningur við iðkun skáklistarinnar. Framkvæmd málsins yrði í hendi ráðherra, og væri eðlilegt, að hann hefði um framkvæmdaratriði öll samráð við samtök skákmanna.